Reykjavík, 24. mars 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um opinberan stuðning til fjárfestinga í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum

Vísað er til draga að fumvarpi til laga um opinberan stuðning til fjárfestinga í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum sem birtist í samráðsgátt 19. mars sl.

Stjórn FRMIS fagnar þeirri áherslu stjórnvalda að efla umhverfi visi-fjárfestinga á Íslandi með stofnun nýs sjóðs. Stjórnin styður þau markmið sem liggja til grundvallar Kríu.

Stjórn Framís vill þó koma á framfæri nokkrum útfærsluatriðum í sambandi við fyrirhugað frumvarp

Framís gerir eftirfarandi athugasemdir, 1) - 8), við drögin að frumvarpinu:

1) Skilyrði fyrir fjárfestingu frá Kríu eins og þau eru útlistuð í greinargerð með frumvarpinu þar sem vísað er í 3. gr.

Af athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu má ráða að Kría geti einungis fjárfest í sjóðum þegar þeir eru stofnaðir *(*sbr. hugtakið *„First Closing of a Fund*“ sem jafnan er notað yfir þetta*)*, en ekki þegar sjóðir taka við áskriftarloforðum til viðbótar, á fyrirfram skilgreindu tímabili eftir að sjóður er stofnaður (sbr. hugtakið *„Second Closing of a Fund“* sem jafnan er notað yfir þetta), en slíkt ákvæði fylgir öllu jafna í skilmálum vísisjóða. Þetta þýðir að vísisjóður sem er stofnaður, án aðkomu Kríu, getur ekki hafist handa við fjárfestingar á meðan beðið er eftir aðkomu Kríu. Nú er mikil þörf á að nýir vísisjóðir verði stofnaðir strax á þessu ári enda er aðeins einn sjóður um þessar mundir opinn fyrir nýjum fjárfestingum en aðrir hafa lokið fjárfestingartímabili.

Að mati Framís s er brýnt að Kría geti lagt sjóðum til fé, hvort sem er við stofnun þeirra eða síðar, að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Athygli skal vakin á því með því að óbreytt skilyrði eru líklega til að koma í veg fyrir að nýr vísisjóður verði stofnaður á Ísalndi á árinu 2020.

Tillaga: Eðlilegt er að Kría hafi heimild til að fjárfesta í sjóðum, hvort sem er við stofnun þeirra (First Closing) eða innan tímabils eftir að sjóður er stofnaður (Second Closing). Þá þarf að tryggja að Kría geti skuldbundið sig til að fjárfesta í sjóðum sem stofnaðir eru á árinu 2020.

2) Stjórn Kríu skal taka ákvarðanir um fjárfestingu í vísisjóðum einu sinni ári (3. gr.).

Skv. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins skal stjórn Kríu að jafnaði taka ákvarðanir um fjárfestingu í sérhæfðum sjóðum einu sinni á ári.

Að mati Framís mun ákvæði tefja fyrir stofnun nýrra vísisjóða. Fjármögnunarferli vísisjóðs er yfirleitt langt og kostnaðarsamt fyrir sjóðsstjóra. Það fyrirkomulag sem kynnt er í frumvarpsdrögum mun

flækja það ferli og tefja það ennfrekar. Ólíklegt er að margar umsóknir berist á hverju ári sem uppfylla skilyrði Kríu. Því ættu að vera hæg heimatök að gera ferli Kríu sveigjanlegra og funda einfaldlega eftir þörfum þegar fullnægjandi umsóknir berast.

Tillaga: Lagt er til að stjórn Kríu skuli funda og taka ákvarðanir um fjárfestingu í vísisjóðum jafnóðum og erindi berast.

3) Að jafnaði skal stjórn taka ákvarðanir um fjárfestingu í sérhæfðum sjóðum (3. gr.).

Skv. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að stjórn Kríu leggi mat á hvort fjárfesta skuli í hverjum einstökum nýjum vísisjóði. Í ljósi þess hve örlagarík afgreiðsla Kríu getur orðið og ráðið miklu um hverjir fái tækifæri til að stofna vísisjóði um ókomin ár á Íslandi þá telur Framís það einstaklega mikilvægt að starfsreglur stjórnar Kríu séu skýrar svo allir umsækjendur sitji við sama borð. Ferlið þarf að vera opið og gagnsætt en ekki háð mati og duttlungum stjórnar. Ákjósanlegt er að vísisjóður sem uppfyllir skilyrði Kríu fái úthlutað fjármagni svo framarlega að fjármagn sé til staðar í Kríu. Ef öllum fjármagni ársins hefur þegar verið ráðstafað þá flytjist umsóknin sjálfkrafa yfir á næsta ár.

Tillaga: Ef umsókn um fjárfestingu uppfyllir fyrirfram ákveðin skilyrði mun Kría fjárfesta í viðkomandi sjóð svo framarlega að fjármagn sé til staðar í Kríu. Ef öllu fjármagni ársins hefur þegar verið úthlutað þá flyst umsóknin sjálfkrafa yfir á næsta ár.

4) Kaupréttur meðfjárfesta Kríu

Þótt ekkert komi fram um það í frumvarpstextanum segir í kafla 3.1 í greinargerð með frumvarpinu að gerður verður samningur eða hluthafasamkomulag um að *„öðrum fjárfestum í sérhæfða sjóðnum bjóðist að kaupa hlut Kríu á fyrirfram ákveðnum kjörum að ákveðnum tíma liðnum, þegar frumfjárfestingartímabili sjóðsins er lokið, að jafnaði þegar líftími sérhæfða sjóðsins er hálfnaður“*.

Í þessu felst að meðfjárfestar Kríu eignast í reynd kauprétt að hlut Kríu, sem virkjast þegar ákveðinn tími er liðinn. Athygli skal vakin á því að með þessu er í raun verið að niðurgreiða eignarhluti annarra hluthafa og gefur þannig fjárfestum sterkan hvata til velja fremur þá sjóði sem teljast líklegir til að hljóta náð fyrir augum stjórnar Kríu.

Þessi áhrif geta verið mjög neikvæð fyrir vísiumhverfið á Íslandi. Réttast væri að Kría sitji við sama borð og aðrir fjárfestar og fái að njóta sömu ávöxtunar. Að öðrum kosti er ólíklegt að vísisjóður verði stofnaður án þátttöku Kríu.

Það getur ekki verið tilgangur laganna um Kríu að gefa þeim sem hljóta fjármagn frá Kríu verulegt samkeppnisforskot á aðra. Mikilvægt er að lífeyrissjóðir og aðrir fjárfestar í vísisjóðum byggi ákvörðun sína á því hvort umsýsluaðili er líklegur til að fjárfesta faglega og skila honum ávöxtun og dregið úr áhættu í eignasafni hans en byggi ákvörðun sína ekki á því hvort umsýsluaðili er líklegur til að hljóta ríkisstyrk.

Það liggur óþarfa áhætta í því að bjóða slíka afsláttarmöguleika fyrir fjárfesta. Það getur meðal annars leitt til þess að fjárfestar sem þegar hafa skuldbundið sig að fjárfesta í sjóði dragi áskrift sína til baka hljóti sjóðurinn ekki náð fyrir augum stjórnar Kríu.

Tillaga: Ekki verði gert ráð fyrir að aðrir fjárfestar hafi kauprétt að hlut Kríu. Það mun samt ekki útiloka að Kría geti selt sig úr sjóðum þó ekki sé samningur um það í upphafi.

5) Kría fjárfestir ekki fyrr en sjóður hefur safnað skuldbindingum frá fjárfestum fyrir ákveðinni fjárhæð sem ákveðin verður í reglugerð.

Þótt ekkert komi fram um það í frumvarpstextanum sjálfum virðist ráð fyrir því gert, ef marka má athugasemdir við 3. gr. í greinargerð, að það verði skilyrði fyrir þátttöku Kríu að aðrir fjárfestar hafi skuldbundið sig til þess að leggja fram að minnsta kosti 4 milljarða króna. Fyrirvari er um að sú fjárhæð verði ákvörðuð í reglugerð sem ráðherra muni setja.

Jafnframt hefði það mikil áhrif til bóta ef Kría gæti skrifað sig fyrir fjárfestingu í vísisjóði áður en skuldbindingum frá öllum öðrum fjárfestum hefur verið aflað. Fjárfesting Kríu gæti þá t.d. verið háð því skilyrði að búið væri að safna 80% af framlögum í sjóðinn. Ástæðan fyrir því er sú að þegar verið er að safna fjárfestingum í vísisjóð, þá binda margir lífeyrissjóðir þátttöku sína við hlutfall af stærð sjóðs en ekki krónutölu.

Tillaga: Lagt er til að Kría geti skuldbundið sig til þátttöku í nýstofnuðum sjóði ef fjárfestar hafa þegar skuldbundið sig fyrir 80% af lágmarksstærð sjóðsins. Skuldbinding Kríu gildi í 12 mánuði.

6) Misræmi milli frumvarps og greinargerðar; lagatæknilegar annmarkar á frumvarpinu.

Framís leyfir sér ennfremur að benda á að verulegir lagatæknilegir annmarkar eru á frumvarpinu sem kalla á ítarlega endurskoðun á efni þess og útfærslu.

Helstu annmarkar lúta að eftirfarandi:

i) Verulega skortir á tengingu milli frumvarpstextans og greinargerðar sem fylgir frumvarpinu. Þannig er fjallað um margvíslegar efnisreglur í greinargerðinni sem fullyrt er að muni gilda um starfsemi Kríu, án þess að nokkuð komi fram um þær í frumvarpstextanum. Hér má sem dæmi nefna að sjóðir sem fjárfest er í skuli vera óvogaðir, að setja eigi reglur um mat á fjárfestingarkostum og um kauprétt meðfjárfesta að eignarhlutum Kríu. Að mati Framís er þetta verulegur ágalli á frumvarpinu, sem gerir hagsmunaaðilum örðugt fyrir að taka afstöðu til frumvarpsins í heild sinni. Breytir engu þótt sá fyrirvari sé gerður að frekari efnisreglur muni verða settar með reglugerð ráðherra.

ii) Frumvarpið sjálft er afar efnislítið og virðist gert ráð fyrir að ráðherra sé falið að ákvarða umgjörð Kríu að verulegu leyti. Að mati Framís er verulegum vafa undirorpið að jafn víðtækt framsal löggjafarvalds fái staðist.

iii) Í 7. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að sá sem veitir viðtöku upplýsinga um fjárfestingu Kríu sé bundinn þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Ekkert liggur fyrir um hvaða upplýsingar sé þar átt við og hvaða viðtakendur falla þar undir. Er það sérlega bagalegt í ljósi þess að umrædd brot geta varðað fangelsi allt að 3 árum. Að mati Framís þarf að taka umrætt ákvæði til gagngerrar endurskoðunar.

Innan stjórnar Framís er einhugur um öll ofangreind atriði (1)-(6). Þess ber að geta sérstaklega að stjórnin var klofin í afstöðu til skilyrðis Kríu um að a.m.k. einn erlendur aðili skuli vera meðal hluthafa í vísisjóði og verður því umsögnum um það skilyrði beint til samráðsgáttarinnar með öðrum leiðum.

Virðingarfyllst,

F.h. FRAMÍS

Helga Valfells

_____